

## Samningur um ráðstöfun úrvinnslugjalda

### 1. gr. Aðilar.

Úrvinnslusjóður, kt. 530803-3680, og xxxxxxxxxxx, kt. xxxxxx-xxxx, hér eftir nefndur þjónustuaðili, gera með sér eftirfarandi samning um úrvinnslu úrgangs samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs.

Einnig er vísað til framangreindra sem samningsaðila eða aðila og skal hvor um sig teljast samningsaðili eða aðili. Tilvísun til samningsaðila skal jafnframt teljast vera tilvísun til löglegra framsalshafa samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

### 2. gr. Gildissvið.

Samningur þessi varðar úrvinnslu úrgangs í eftirfarandi vöruflokkum:

- |                                     |   |                                       |
|-------------------------------------|---|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Spilliefni | <input type="checkbox"/> Raf- og rafeindatæki     | <input type="checkbox"/> Glerumbúðir  |
| <input type="checkbox"/> Rafhlöður  | <input type="checkbox"/> Pappírs- og pappaumbúðir | <input type="checkbox"/> Málmumbúðir  |
| <input type="checkbox"/> Ökutæki    | <input type="checkbox"/> Plastumbúðir             | <input type="checkbox"/> Viðarumbúðir |
| <input type="checkbox"/> Hjólbarðar | <input type="checkbox"/> Plastvörur               |                                       |

### 3. gr. Réttarheimildir.

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslu- og skilagjalds, ráðstöfun þess og semur við aðila um úrvinnslu úrgangs samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Úrvinnslusjóður hefur sett sérstaka skilmála sem gilda um ráðstöfun úrvinnslugjalda.

Úrvinnslusjóður skal stuðla að hringrásarhagkerfi með vörur og þjónustu til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Úrvinnslusjóður skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er til kominn vegna vara sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Í því skyni hefur Úrvinnslusjóður sett sérstaka skilmála sem gilda um ráðstöfun úrvinnslugjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 162/2002.

Skilmálar Úrvinnslusjóðs og breytingar á þeim eru birtar á vefsíðu sjóðsins [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is). Gildandi skilmálar Úrvinnslusjóðs eins og þeir eru á hverjum tíma eru hluti af samningi samningsaðila.

Með undirritun sinni skuldbinda samningsaðilar sig til að fara í einu og öllu eftir skilmálum Úrvinnslusjóðs og ákvæðum laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Ef ákvæði samningsins reynast vera í ósamræmi við ákvæði framangreindra skilmála og laga, skal við túlkun samningsins gæta þess að ákvæði þeirra laga frammar ákvæðum samningsins.

4. gr.

Framsal réttinda.

Þjónustuaðila er með öllu óheimilt að framselja eða yfirfæra réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila án skriflegs samþykkis Úrvinnslusjóðs. Ef slíkt samþykki fæst, fer framsalið fram með þeim hætti sem sjóðurinn ákveður. Með yfirfærslu er einnig átt við hvers kyns samruna, sameiningu eða skiptingu félags, hvort sem það er að eigin frumkvæði eða samkvæmt ákvörðun stjórnvalda.

5. gr.

Ágreiningur.

Um samning þennan gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur út af honum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

6. gr.

Gildistaka og uppsögn.

Samningur þessi tekur gildi dd. mmm. 2023 og er ótímabundinn. Samningsaðilar geta sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara ef annað hefur ekki verið ákveðið.

Þeir sem skrifa undir samning þennan fyrir hönd aðila staðfesta að þeir hafi fulla heimild til að skuldbinda viðkomandi aðila og að engin ákvæði séu í samþykktum lögaðilans sem takmarka heimildir undirritaðra til að undirrita samning þennan.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum og fær hvor samningsaðili eitt eintak. Hvort eintak fyrir sig telst vera fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, dd. mmm. 2023

---

[Nafn]

F.h. Úrvinnslusjóðs

---

[Nafn]

F.h. Þjónustuaðila